

Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi

Kæra sveitarstjórn

Dagana 28. – 29. september næstkomandi fer fram ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi í Hvolnum á Hvolsvelli. Þar munu koma saman fulltrúar ungmennaráða á Suðurlandi og starfsmenn þeirra frá þeim sveitarfélögum sem halda úti ungmennaráði. Að auki verður áhugasömum ungmönnum frá sveitarfélögum sem ekki halda úti slíku ráði boðið að taka þátt. Fyrri dagurinn er vinnudagur unga fólksins en ráðstefnan sjálf fer fram þann 29. september. Forseti Íslands setur ráðstefnuna. Þar koma fulltrúar sveitastjórna svæðisins, ásamt embættismönnum og þingmönnum til móts við unga fólkið til að eiga samtali um aðkomu ungs fólks að ákvörðunartökuferlinu í sunnlenskum sveitarfélögum. Helstu markmið ráðstefnunnar eru eftirfarandi:

- Að virkja og styðja við ungmennaráð á svæðinu
- Að sveitarstjórnir sjái hin miklu tækifæri sem fylgja öflugum starfi ungmennaráða
- Að hvetja þau sveitarfélög sem hafa ekki nú þegar ungmennaráð hugi að stofnun þess
- Að finna leiðir til að einfalda aðkomu ungs fólks að ákvörðunartökuferlinu og auka áhuga þeirra á því ferli
- Að huga að gagnabanka/handbók/verkfæri fyrir ungmennaráð á svæðinu þar sem finna má hagnýtar upplýsingar, ábendingar og góðar leiðir til að koma vinnu sinni á framfæri
- Að stíga fyrstu skrefin að markvissu samtali á milli ungs fólks og sveitarstjórna á öllu Suðurlandi um mikilvæg málefni sem tengist öllu svæðinu

Þátttökugjald fyrir ungmennin og fulltrúa þeirra fyrir báða dagana er kr. 3.000. Innifalið er gisting á Hótel Hvolsvelli, allar máltíðir, vinnugögn, kvöldvaka og annað tilheyrandi. Hægt er að fá styrk fyrir ferðakostnaði sem nemur allt að kr. 10.000 fyrir þátttakendur sem ferðast yfir 100 km á ráðstefnuna og kr. 2.500 fyrir þátttakendur sem ferðast 10 – 100 km. Sveitarfélögin eru beðin um að tilnefna 5-6 ungmenni og starfsmann málaflokksins með þeim.

Þátttökugjald fyrir fulltrúa sveitarfélaganna á ráðstefnuna er kr. 1500. Innifalið eru máltíðir og gögn. Sveitarfélögin eru beðin um að tilnefna 2 aðalmenn og 2 til vara, en bendum á að allir kjörnir fulltrúar eru velkomnir.

Það er ungmennaráð Árborgar með styrk frá EUF (Evrópu Ungu Fólksins) í samstarfi við SASS sem standa að baki ráðstefnunnar. Skráningin er bindandi og verður þátttökugjaldið innheimt eftir á.

Skráning á ráðstefnuna berist á vefpóstinn ungmennarad@arborg.is eigi síðar en föstudaginn 23. september 2016. Dagskrá ráðstefnunnar má sjá á heimasíðu <http://www.sass.is>

Hlökkum til að sjá sem flesta

Kær kveðja

Gunnar E. Sigurbjörnsson
Tómstunda- og forvarnarfulltrúi Árborgar
480-1950 / 820-4567
gunnars@arborg.is

Guðlaug Ósk Svansdóttir
Verkefnastjóri Háskólafélags Suðurlands
4808200 / 6645091
godlaug@hfsu.is